

Fundur hjá skólaráði Myllubakkaskóla

4. október 2023

Mættir: Hlynur Jónsson (ritari og skólastjóri), Lilja Krístrún Steinarsdóttir (fulltrúi kennara), Lovísa Lilliendahl (fulltrúi foreldra) og Unnur Ýr Kristinsdóttir (fulltrúi foreldra),.

Svanhildur Skúladóttir (fulltrúi kennara), Sigurður Baldur Magnússon (fulltrúi starfsmanna), Perla Dís Gunnarsdóttir (fulltrúi nemenda), Aðalbjörg Ósk Stefánsdóttir (fulltrúi nemenda) og Hrafnhildur Ólafsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags) voru fjarverandi.

1. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Skólanámskrá og starfsáætlun sýna hvernig starf skólans virkar og þær áherslur sem eru í gangi á því tímabili sem þær ná yfir. En eru lifandi plögg sem taka breytingum yfir skólaárið.

2. Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2022 - 2023

Skýrslan sem var lögð fyrir var ekki með réttum upplýsingum að öllu leiti og því var hún tekin út fyrir samþykkt og lögð fyrir síðar og þá óskað eftir rafrænu samþykki. Farið var samt yfir réttar tölur og þar sést greinilega hve mikil áhrif raka- og mygluskemmdir hafa haft á skólastarfið. Skólinn fylgir því mynstri sem er á landinu öllu en er undir flestum tölum miðað við landið allt, en líklega má rekja niðurstöður á landinu öllu og í Myllubakkaskóla til langtíma áhrifa af Covid-19.

Að því sögðu þá kom skólinn ekki vel út úr sjálfsmatsskýrslunni, sem er reyndar svipuð og síðastliðinn ár, höfum lagt upp með að styrkja starfsmannahópinn í að vinna með nemendum í sjálfstyrkingu og öðrum þáttum sem koma því miður ekki vel út í skólapólsinum.

3. Framkvæmdir í Myllubakkaskóla og drög að teikningum

Farið yfir drög að teikningum sem eru komnar og framtíðarsýn skólans í kjölfarið. Farið yfir tímaáætlun í framkvæmdum og þær hugmyndir sem verið er að vinna eftir.

4. Önnur mál.

Sundkennsla og ástundun nemenda í sundi kom til tals. Var spurt hvort skólinn hefði íhugað aðrar leiðir í nálgun sinni í sundkennslu, þ.á.m. að útskrifa nemendur fyrr úr sundi, að bjóða uppá sund sem valfag í stað skyldu á vissum aldri o.fl.

Skólinn hefur rætt um mögulegar leiðir til að bæta ástundun nemenda í sundi, þá sérstaklega unglingstúlkna sem mæta síst í sund. Þeir þættir sem virðast ekki hafa áhrif er hvort sundtímar séu kynjaskiptir eða ekki.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Fundargerð ritaði Hlynur Jónsson